

Nd.

551. Frumvarp til laga

[300. mál]

um Rannsóknastofnun útflutnings- og markaðsmála.

Flm.: Svavar Gestsson, Hjörleifur Guttormsson, Geir Gunnarsson.

1. gr.

Stofna skal Rannsóknastofnun útflutnings- og markaðsmála er skal vera sjálfstæð stofnun og heyra undir viðskiptaráðuneytið.

2. gr.

Í stjórn Rannsóknastofnunar útflutnings- og markaðsmála sitja þrjú menn skipaðir af viðskiptaráðherra til fjögurra ára í senn. Ráðgjafarnefnd stofnunarinnar, sbr. 5. gr., tilnefnir tvo menn en ráðherra skipar einn án tilnefningar og skal hann vera formaður stjórnarinnar. Varamenn skulu tilnefndir og skipaðir á sama hátt.

3. gr.

Stjórnin hefur á hendi yfirstjórn stofnunarinnar og samþykkir fjárhagsáætlun hennar til eins árs í senn, svo og starfsáætlun. Áætlanir þessar skulu sendar ráðherra til staðfestingar.

4. gr.

Viðskiptaráðherra skipar forstjóra til fjögurra ára í senn að fengnum tillögum ráðgjafarnefndar og stjórnar.

Forstjóri ræður annað starfslið.

5. gr.

Við Rannsóknastofnun útflutnings- og markaðsmála skal starfa ráðgjafarnefnd. Ráðgjafarnefndin skal skipuð þannig að hagsmunasamtök og stofnanir, sem hlut eiga að máli að mati ráðherra, geti átt þar fulltrúa. Skal leggja áherslu á að samtök launafólks eigi fulltrúa í nefndinni til jafns við atvinnurekendur. Ráðgjafarnefndina skipi mest 15 menn, en minnst 11.

Forstjóri stofnunarinnar á sæti í ráðgjafarnefndinni.

Ráðgjafarnefnd fylgist með rekstri og er tengiliður milli stofnunarinnar og útflutnings- og markaðsstarfsemi. Nefndin er forstjóra og stjórn til ráðuneytis og gerir tillögur um starfsáætlun. Nefndin er ólaunuð.

6. gr.

Verkefni Rannsóknastofnunar útflutnings- og markaðsmála skulu vera sem hér segir:

1. Að fylgjast með þróun útflutningsmála og að stunda markaðsrannsóknir erlendis, ýmist ein sér eða í samvinnu við einstök fyrirtæki og sölusamtök.
2. Að fylgjast með markaðsstöðu innlends iðnaðar og gera tillögur um að auka hlutdeild hans á innanlandsmarkaði.

3. Að fylgjast með verðlagi og gæðum innflutnings og setja reglur um gæði vöru á almennum innlendum markaði í samráði við viðkomandi rannsóknastofnanir.
4. Að stuðla að samstarfi annarra rannsóknastofnana um markaðsmál, tilraunaframleiðslu og vöruþróun.
5. Að taka þátt í og undirbúa ásamt fyrirtækjum og sölusamtökum reglulegt markaðsátak fyrir íslenskar vörur og þjónustu á alþjóðamörkuðum.
6. Að vera fyrirtækjum til ráðuneytis um markaðssetningu og vöruþróun. Heimilt er stofnuninni að greiða kostnað við markaðsmál og vöruþróun nýrra fyrirtækja, allt að tveimur árum eftir að fyrirtæki er sett á stofn skv. nánari ákvörðunum stjórnar stofnunarinnar og skv. fjárhagsáætlunum hverju sinni. Þá er stofnuninni heimilt að styðja eldri fyrirtæki á sama hátt skv. nánari ákvörðun stjórnarinnar.
7. Að vera viðskiptaráðherra og ríkisstjórninni til ráðuneytis um hvaðeina er lýtur að markaðsmálum.
8. Að gera áætlanir um markaðsþróun til nokkurra ára í senn.

7. gr.

Stjórn stofnunarinnar skal á kerfisbundinn hátt stuðla að því að öll fyrirtæki stundi markaðsrannsóknir og vöruþróun þar sem það á við.

8. gr.

Heimilt er Rannsóknastofnun útflutnings- og markaðsmála að stuðla að tilraunaframleiðslu á tilteknum vörum. Skal þá miða við að aðild stofnunarinnar standi aðeins skamman tíma, mest fimm ár, meðan viðkomandi fyrirtæki er á reynsluskeiði.

9. gr.

Árlega skal stjórn stofnunarinnar efna til hugmyndasamkeppni um verkefni er ætla má að geti aukið útflutningsverðmæti íslenskrar vöru og þjónustu.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Lög þessi skulu felld inn í lög um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, nr. 64/1965, með síðari breytingum, sem VIII. kafli, 55.–63. gr., og röð kafla og greina breytist skv. því. Þau lög skulu gefin út á ný svo breytt.

Greinargerð.

Eins og nú standa sakir er engum einum aðila falið að hafa heildaryfirsýn yfir markaðsmál íslenskra framleiðsluafurða eða þjónustu erlendis. Þetta er bagalegt og óeðlilegt hjá þjóð sem byggir stóran hluta lífsafkomu sinnar á útflutningi. Hér á landi eru starfandi ríkisstuddar rannsóknastofnanir landbúnaðar, sjávarútvegs og iðnaðar eins og eðlilegt er, en markaðssetning og vöruþróun á markaði erlendis hefur orðið út undan að þessu leyti. Þó ber auðvitað að minna á og nefna myndarlegt framtak á vegum sölusamtaka og einstakra stofnana eins og Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins, en samræmingu skortir. Vafalaust er skipting rannsóknastofnana á hefðbundnar atvinnugreinar samstarfi fjötur um fót og við svo búið má ekki lengur standa. Þetta frumvarp er flutt til að skapa umræðugrundvöll á Alþingi og annars staðar í þjóðfélaginu um þessi mál. Kann sitthvað í frumvarpinu að þarfnast sérstakrar athugunar en aðalatriði þess eru sem hér segir:

1. Komið verði á fót rannsóknastofnun útflutnings- og markaðsmála sem hafi sömu stöðu og aðrar rannsóknastofnanir hafa í lögum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna. Vel getur komið til álita að þessi nýja starfsemi hafi sjálfstæða stöðu, verði sjálfseignarstofn-

un, en þeirri hugmynd hefur áður verið hreyft á þessu þingi varðandi rannsóknastofnanir atvinnuveganna. Stjórnkerfi það, sem hér er gerð tillaga um, er að *öllu leyti* sniðið eftir lögunum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna. Þó er gert ráð fyrir því að ráðherra hafi með reglugerð heimild til þess að ákveða til fjögurra ára í senn hverjir skipi ráðgjafarnefndina samkvæmt 5. gr., enda byggist reglugerðin á þeim grundvallaratriðum sem rakin eru í greininni.

2. Í 6. gr. eru talin upp verkefni stofnunarinnar og er ástædulaust að endurtaka þá upptalningu í greinargerð. Þó skal sérstaklega tekið fram að eðlilegt þótti að taka markaðsmál *innanlands* til sérstakrar athugunar því að hér er um nátengd mál að ræða. Er einnig eðlilegt að stofnunin athugi sérstaklega, eftir því sem ástæða er til, innfluttar samkeppnisvörur. Er henni ætlað að setja gæðareglur um innflutning í samráði við þær stofnanir sem um þau mál geta dæmt. Er hér átt við hollustuverndina, matvælaeftirlitið, Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins og aðrar slíkar eftir eðli og tegund þeirrar vöru sem flutt er inn hverju sinni. Þá skal bent á að stofnuninni er fyrst og fremst ætlað að vera samræmingaraðili, jafnframt því að laða fram frumkvæði, fremur en að hún eigi sjálf og ein að skipuleggja verkefni.

3. Í 10. gr. er gert ráð fyrir því að stofnunin geti ein eða í samvinnu við aðra, t.d. aðrar rannsóknastofnanir, stutt stofnun tilraunaframleiðslu með tilteknar vörutegundir. Í greininni er tekið fram að slíkur stuðningur hljóti að vera tímabundinn.

Frá því að frumvarp þetta var samið hafa tvö þingmál verið flutt þar sem tekið er á skyldum málum. Annars vegar er um að ræða frumvarp um útflutningsráð og hins vegar þingsályktunartillögu um menntun og starfsþjálfun fólks sem sinnir útflutningsmálum sérstaklega. Augljóst er því að meðal þingmanna er vaxandi skilningur og áhugi á þeim viðfangsefnum sem frumvarp þetta fjallar um. Er æskilegt að sem flestar hugmyndir um fyrirkomulag þessara mála komi til meðferðar á Alþingi. Þetta frumvarp getur vafalaust orðið góður umræðugrundvöllur ásamt þeim frumvörpum og þingmálum sem þegar liggja fyrir um skyld mál. Má því ætla að þessu þingi ljúki ekki án þess að Alþingi taki af skarið um þennan hornstein okkar efnahagslífs sem er útflutningsverslunin og árangur á því sviði.